Kaldvík hf.
Strandgötu 18
735 - Eskifjörður

Skoðunarskýrsla #6402
Reglubundin skoðun
FE-1158

Eftirlit framkvæmt 14/10/2026 og skýrsla send 21/10/2026
FE-1158

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir og Magnús Ingi Jónsson fóru óboðað í ítareftirlit hjá Kaldvík að Fiskalóni, sem starfrækt er samkvæmt rekstrarleyfi nr. FE- 1158, þann 13.10.2026. Viðstaddir eftirlitið af hálfu eftirlitsþega voru Hlynur Logi Erlingsson, stöðvarstjóri og Fjóla Guðjónsdóttir.

Gengið var um stöðina og skoðaður var eldisbúnaður, búnaður til að endurheimta fisk, varnir gegn stroki, meltuvinnsla ásamt öðru sem hægt var að skoða sjónrænt. Eftir skoðunarferðina var farið á skrifstofu og farið yfir dagbókarfærslur, framleiðsluskýrslur, flutningsskjöl, gæðahandbók, þjálfunarskrár, verklagsreglur og viðbragðsáætlanir.

Niðurstöður skýrslunnar byggjast á þeim gögnum, upplýsingum og aðstæðum sem skoðuð voru við eftirlitið. Þættir sem ekki voru teknir til skoðunar eru óskoðaðir og teljast því ekki hafa verið staðfestir sem fullnægjandi.

Eitt frávik var skráð vegna þeirra eftirlitsatriða sem tekin voru til skoðunar.

Næsta ítareftirlit verður samkvæmt eftirlitsáætlun Matvælastofnunar.

Frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna	Næsta skoðun

Viðstödd heimsókn	Kaldvík hf.	**Undirbúningur**	1 klst.
Kennitala viðtakenda	520412-0930	**Frágangur**	1 klst.
Skoðunarmaður	Magnús Ingi Jónsson	**Tímar við úttekt**	6 klst. og 30 mín.
Tölvupóstur	mast@mast.is	**Akstur**	30 mín.

Skoðunarskýrsla

Frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Þjálfunarskrá starfsmanna

Matvælastofnun kallaði eftir lista yfir alla starfsmenn eldisstövarinnar og þjálfunarskrám allra starfsmanna. Eftirlitsþegi sýndi skjal þar sem fram kom þjálfun allra stafsmanna. Ekki kom fram í skjalinu hvenær viðkomandi starfsmenn hófu störf hjá eftirlitsþega né hvenær þeir tóku námskeiðin og því ekki hægt að staðfesta að það sé innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Þjálfunarskráin telst því ekki fullnægjandi.

Í eftirliti kom fram að verið sé að innleiða þjálfunarskrár í nýtt kerfi hjá eftirlitsþega. Umrætt kerfi skrái m.a. hvenær viðkomandi starfsmaður hóf störf og hvenær þeir tóku námskeiðin. Með nýju kerfi skapast heildarsýn yfir þjálfun starfsmanna eftirlitsþega. Úrbótum verður lokið í lok janúar 2027 og óskaði eftirlitsþegi eftir fresti til að ljúka úrbótum til samræmis við það.

Í ljósi framangreinds er skráð frávik og verður það skoðað í næsta reglubundna eftirliti Matvælastofnunar

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 14/10/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 21/10/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 1 skoðunaratriði, þar af 0 alvarlegt frávik og 1 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit: 17 af 17 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 1 frávik og 0 alvarlegt frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í **eftirlitshandbókum** Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

- Aukaafurðir dýra (ABP)
- Fóðurgeymsla
- Gæðahandbók
- Verklagsreglur
- Búnaður til að endurheimta fisk
- Viðbragðsáætlanir
- Þjálfunarskrá starfsmanna
- Viðbragðsáætlun vegna stroks
- Þjálfun starfsmanna
- Dagbókarfærslur
- Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi
- Sannprófun
- Eftirlit með flutningi á fisk
- Eldisbúnaður og fiskheldni
- Rekstrarleyfi
- Framleiðsluskýrsla
- Innra eftirlit